

Fimmtudaginn 19. nóvember 1998.

Nr. 90/1998.

Haraldur Ragnarsson
Ragnar Haraldsson og
Snæbjörn Sigurgeirsson

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.)

gegn

Gunnari Pálmasyni

(Guðmundur Pétursson hrl.)

og gagnsök

Björgunarlaun. Sjóveðsréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Aðaláfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar 26. febrúar 1998. Þeir krefjast þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða aðaláfrýjandanum Snæbirni 675.000 krónur, en öðrum aðaláfrýjendum 337.500 krónur hvorum, og beri kröfurnar dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. nóvember 1997 til greiðsludags. Aðaláfrýjendur krefjast auk þess málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Loks krefjast þeir þess, að viðurkenndur verði sjóveðsréttur í mb. Jónu litlu, HF-110, skipaskrárnúmer 7410, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði héraðsdómi 29. maí 1998. Hann krefst þess aðallega, að sér verði gert að greiða aðaláfrýjendum lægri fjárhæð en mælt er fyrir um í héraðsdómi, en til vara krefst hann þess, að héraðsdómur verði staðfestur um annað en dráttarvexti, sem verði dæmdir frá uppsögu dóms Hæstaréttar. Einnig krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Þegar skipi gagnáfrýjanda, Jónu litlu, var veitt hjálp 3. nóvember 1996, gerðu aðaláfrýjendurnir Haraldur og Ragnar í sameiningu út skipið Lukku, RE-86, en útgerðarmaður Snæbergs, RE-195, var

aðaláfrýjandinn Snæbjörn. Hefur verið tekið mið af því í endanlegum kröfum aðaláfrýjenda fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð fyrir Hæstarétti reisir gagnáfrýjandi kröfur sínar aðallega á því, að veitt hjálp í umrætt sinn verði talin aðstoð, en ekki björgun í skilningi 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að björgunarlaun verði ákveðin eftir 2. mgr. 165. gr. siglingalaga. Tekur hann fram, að þessar málsástæður hvor um sig leiði til lækkunar krafna aðaláfrýjenda frá því, sem dæmt var í héraði.

II.

Fallist er á með héraðsdómi, að hjálp sú, er veitt var skipi gagnáfrýjanda 3. nóvember 1996, hafi verið björgun í skilningi 1. mgr. 164. gr. siglingalaga. Verður því ekki fallist á málsástæðu gagnáfrýjanda, sem að þessu lýtur.

Pegar björgunarmenn komu að skipi gagnáfrýjanda, var kominn mikill leki að því, og hafði dæla ekki undan. Hefur hann ekki vefengt þá frásögn björgunarmanna, að er búið var að binda skip hans við skip aðaláfrýjenda, Lukku og Snæberg, hafi stríkkað á böndunum vegna þess, hve mjög skipið hafði sigið sökum lekans. Gagnáfrýjandi hefur ekki heldur borið bríður á skýrslur fyrir dómi þess efnis, að þegar komið var til hafnar á Tálknafirði, hafi lúkar skipsins verið orðinn fullur af sjó og slökkviliðinu þar ekki tekist að dæla sjó úr skipinu, fyrr en því hafði verið lyft að framan með krana. Verður að telja nægilega leitt í ljós, að skipið hafi verið í yfirvofandi hættu. Eru því ekki skilyrði til að beita ákvæði 2. mgr. 165. gr. siglingalaga við ákvörðun björgunarlauna.

Verða björgunarlaun því metin samkvæmt reglum 1. mgr. 165. gr. siglingalaga. Þykja þau hæfilega ákveðin í heild 400.000 krónur. Verður gagnáfrýjandi dæmdur að greiða þau þannig, að 100.000 krónur renni til aðaláfrýjendanna Haralds og Ragnars hvors um sig, en 200.000 krónur til aðaláfrýjandans Snæbjörns. Allar fjárhæðirnar beri dráttarvexti frá 28. nóvember 1997.

Ákvæði héraðsdóms um sjóveðsrétt verður staðfest.

Eftir þessum úrslitum verður gagnáfrýjandi dæmdur til að greiða hverjum aðaláfrýjenda fyrir sig málskostnað, sem er ákveðinn í einu lagi í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og segir í dómsorði.

Gagnáfrýjandi, Gunnar Pálmason, greiði aðaláfrýjendunum Haraldi Ragnarssyni og Ragnari Haraldssyni, hvorum fyrir sig, 100.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. nóvember 1997 til greiðsludags.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda Snæbirni Sigurgeirssyni 200.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 28. nóvember 1997 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sjóveðsrétt skal vera óraskað.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjendum, hverjum fyrir sig, samtals 100.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 28. nóvember 1997.

Mál þetta höfðuðu Eiríkur Þórðarson, kt. 031159-5049, Hrannargötu 9, Ísafirði, og Snæbjörn Sigurgeirsson, kt. 230158-6069, Nökkvavogi 18, Reykjavík, með stefnu, birtri 21. apríl sl., á hendur Gunnari Pálmasynti, kt. 260644-4759, Pernunesi 11, Garðabæ, jafnframt til réttargæslu á hendur Tryggingamiðstöðinni hf., kt. 660269-2079, Aðalstræti 6, Reykjavík. Við meðferð málsins var með samkomulagi aðila gerð sú breyting á aðild sóknar megin, að í stað Eiríks Þórðarsonar teljast stefnendur vera Haraldur Ragnarsson, kt. 151159-5329, og Ragnar Haraldsson, kt. 291125-7199, báðir til heimilis að Langagerði 58, Reykjavík, auk stefnanda Snæbjörns.

Málið var dómtekið 13. nóvember sl., en endurupptekið fyrr í dag og dómtekið að nýju.

Stefnendur krefjast greiðslu á 1.350.000 kr. með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. nóvember 1996 til dómsuppsögudags, en með dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir staðfestingar sjóveðsréttar fyrir tildæmdum fjárhæðum í mb. Jónu litlu, HF-110, skipaskrárnúmer 7410. Loks krefjast þeir málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti af málflutningsþóknun.

Stefndi krefst þess, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og beri vexti samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 3. nóvember 1996 til greiðsludags, en málskostnaður verði felldur niður.

Stefnendur lýsa atvikum svo, að sunnudagskvöldið 3. nóvember 1996 hafi stefndi Gunnar verið á mb. Jónu litlu, HF-110, á leið inn til Tálknafjarðar til

að landa afla sínum. Á leið sinni inn fjörðinn hafi hann siglt bátnum upp í stórgrýtta fjöru í sunnanverðum firðinum, og hafi komið leki að honum. Bátar stefnenda hafi verið á sömu leið og stefndi. Eiríkur Þórðarson var á Lukku, RE-86, sem er eign stefnenda Haralds Ragnarssonar og Ragnars Haraldssonar, og stefnandi Snæbjörn á Snæbergi, RE-195. Stefndi hafi verið í talsambandi við Eirík á leiðinni. Klukkan 20.00 hafi stefndi kallað á stefnanda Eirík og beðið hann um aðstoð, þar sem mikill leki væri kominn að bátnum. Eiríkur hafi beðið meðstefnanda Snæbjörn að hinkra aðeins, ef þörf væri á frekari aðstoð. Eiríkur hafi siglt Lukku, RE, upp að hlið Jóu litlu og bundið bátana saman. Þar sem hann hafi talið yfirvofandi hættu á, að Jóa litla væri að sökkva og gæti velt Lukku, RE-86, kallaði hann eftir aðstoð stefnanda Snæbjörns á Snæbergi og bað hann að koma og leggja Snæbergi að hlið Jóu litlu. Varð stefnandi Snæbjörn við þessu. Skömmu eftir að búið var að binda Jóu litlu við Snæbergið, hafi stríkkað á böndum. Þannig hafi Lukka, RE, og Snæberg, RE, siglt með Jóu litlu á milli sín til hafnar á Tálknafirði. Hafi þeir komið þangað milli hálfellefu og ellefu um kvöldið.

Mb. Jóa litla var húftryggður hjá réttargæslustefnda, Tryggingamiðstöðinni hf., og var váttryggingarverð 9.000.000 kr.

Skemmdir urðu nokkrar á bátnum umrætt sinn. Var báturinn skoðaður 14. nóvember í Bátasmiðju Guðmundar í Hafnarfirði af skoðunarmanni frá Siglingastofnun. Segir þar, að framstefni sé brotið neðan við sjólinu, skemmdir séu fremst á kanti í miðju og aftast á stjórnborða. Festingar á stýrisbúnaði við bol séu brotnar, hilla á gaffli laus og sknúfa sé skemmd. Jafnframt er tekið fram, að athuga þurfi öxul og öxulsupphengi. Frammi liggur í málinu reikningur, sem réttargæslustefndi greiddi vegna viðgerðar á bátnum, en viðgerðarkostnaður nam samtals 1.443.849 kr.

Lagðar hafa verið fram teikningar af bátnum Jóu litlu.

Stefnendur halda því fram, að um björgun hafi verið að ræða í skilningi 1. mgr. 164. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Lekki hafi verið kominn að bátnum og hann verið mjög siginn að framan, en honum verið siglt á 10–12 sjómílna ferð upp í stórgrýtisfjöru. Bátinn hafi rekið frá landi, enda aflandsvindur, og verið kominn um 300 metra frá landi. Gat hafi verið á stefni bátsins, sknúfa, stýri og stýrisupphengi ónýtt.

Mjög skömmu eftir að Jóa litla var bundin á milli báta stefnenda, hafi stríkkað á böndunum. Telja stefnendur yfirgnæfandi líkur til, að Jóa litla hefði sokkið, ef aðstoð þeirra hefði ekki komið til. Beri því að telja verk þeirra björgun samkvæmt 1. mgr. 164. gr. siglingalaga. Telja þeir, að hæfileg björgunarlaun nemi stefnufjárhæð málsins, 1.350.000 kr. Vísað er til þess,

að þeir hafi sýnt snarræði og atorku við björgunina. Óhjákvæmilegt hafi verið, að báðir kæmu að. Ekki hefði dugað, að annar báturinn hefði tekið Jónu litlu í tog. Björgun hafi tekist eins vel og kostur var, en yfirvofandi hætta hafi verið á, að Jóna litla sykki. Þá hafi þeir einnig bjargað stefnda Gunnari, en skipsstrand hafi ævinlega í för með sér hættu fyrir áhöfn skips.

Stefnandi vísar til þess, að húftryggingarverð Jónu litlu hafi verið 9.000.000 kr. Þá hafi afla bátsins einnig verið bjargað, 1600 kg. Stefnendur krefjast vaxta samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi, er bjargað var, en dráttarvaxta frá dómsuppsögudegi til greiðsludags. Stefnandi vísar loks til 197. gr. siglingalaga til stuðnings kröfu um viðurkenningu sjóveðsréttar.

Stefndi viðurkennir, að stefnendum beri þóknun vegna veittrar hjálpar umrætt sinn. Hann mótmælir því hins vegar, að um hafi verið að ræða björgun í skilningi 1. mgr. 164. gr. siglingalaga. Jóna litla hafi ekki verið vélarvana og látið fyllilega að stjórn. Hefði hjálp stefnenda ekki komið til, hefði mátt sigla bátum á grunn og koma þannig í veg fyrir, að hann sykki. Hann hafi verið með öflugan ljóskastara og því getað lýst upp fjöruna. Sjór hafi verið sléttur, lygnt uppi við land og ekkert því til fyrirstöðu, að stefndi veldi sér lendarstað í fjörunni, þar sem honum hentaði best. Nægur tími hafi verið til slíkra ráðstafana, en það hafi tekið stefnendur 10–20 mínútur að komast til stefnda. Stefndi telur því, að bátur sinn hafi ekki verið í yfirvofandi hættu og hjálp stefnenda umrætt sinn sé einungis aðstoð, en ekki björgun, og beri að ákveða þóknun í samræmi við það.

Fallist dómurinn hins vegar á, að um hafi verið að ræða björgun, telur hann kröfur stefnenda of háar og ekki í samræmi við það, sem tíðkist. Rekur hann í greinargerð sinni, hvaða atriði skuli höfð í huga við ákvörðun björgunarlauna samkvæmt 165. gr. siglingalaga. Telur hann, að stefnendur hafi í kröfugerð sinni litið til vátryggingarverðmætis þess, sem bjargað var, en krafan nemi 15% af vátryggingarverði bátsins. Stefndi fullyrðir, að slíka prósentutölu sé ekki að finna í hæstaréttardómum í björgunarmálum hin síðari ár. Bendir hann á, að ef notuð hefði verið gjaldskrá Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum frá 29. febrúar 1996, sem í gildi var umrætt sinn, hefðu stefnendur fengið u. þ. b. 22.000 kr. fyrir hina veittu hjálp miðað við tíma-gjaldið 4.300 kr. og þann tíma, sem í þetta fór af þeirra hálfu, þ. e. a. s. 2½ klst.

Þá vísar stefndi til þess, að hefði verið miðað við gjaldskrá björgunarskipsins Goðans framreiknaða fram til ársins 1996, hefðu stefnendur fengið 108.196 kr. fyrir viðvikið. Telur stefndi þetta sýna, að kröfur stefnenda séu víðsfjarri því, sem raunhæft geti talist. Stefndi mótmælir því ekki, að verkið hafi tekist vel. Stefnendur hafi sýnt verklagni og atorku. Hins vegar hafi í

mesta lagi farið í þetta 2½ klst., fyrirhöfn verið lítil. Jóa litla hafi verið í lítilli hættu og stefnendur ekki lagt sig í neina hættu. Hjálpin í heild hafi verið fyrirhafnarlítil, veður verið gott og allt gengið vel.

Þetta séu þau atriði, sem hafa beri í huga samkvæmt lögum, sé hjálpin talin vera björgun. Í öðru lagi skuli líta til verðmætis þess, sem bjargað var, en stefnendur fari öfugt að.

Stefndi bendir á, að kostnaður við viðgerðir hafi numið samtals 1.443.849 kr. Því hafi raunverulegt verðmæti bátsins verið 7.556.151 kr., sem við verði að miða, ef fallist verður á sjónarmið um björgun.

Niðurstaða.

Pegar gögn málsins eru könnuð, frásögn af atburðum, skýrslur um skemmdir á bátnum og teikningar af honum skoðaðar, verður talið, að raunveruleg hætta hafi verið á, að mb. Jóa litla sykki eða yrði annars fyrir umtalsverðu tjóni, er bátar stefnenda komu að, komu böndum á bátinn og drógu síðan til hafnar. Verður fallist á, að aðgerðirnar hafi verið björgun í skilningi 1. mgr. 164. gr. siglingalaga, og því ber að ákveða þeim björgunarlaun eftir reglu 1. mgr. 165. gr.

Pegar björgunarlaun verða ákveðin, verður fyrst litið til a- til c-liðar 1. mgr. 165. gr., en atvik þau, sem greinir í d- til g-liðar, hafa áhrif til lækkunar. Sýnilegt er, að allir aðilar hafa staðið fagmannlega að verki og björgunin tekist að öllu leyti. Báturinn var ekki með ónýta skúfu, eins og stefnendur staðhæfa í stefnu, en þrátt fyrir það að stjórnþæki væru nothæf, telur dómurinn, að hætta hafi verið á, að báturinn sykki og að nauðsynlegt hafi verið, að til kæmi utanaðkomandi hjálp. Aðfall var og því óhægt um vik að sigla bátnum upp í fjöru og auk þess þá hætta á talsverðum skemmdum. Aðstæður voru annars góðar og ekki verulega miklir fjárhagslegir hagsmunir í húfi miðað við það, sem venjulegt er á sjó. Stefnendur hafa ekki tilgreint bein útgjöld eða skemmdir á bátum sínum vegna björgunarinnar.

Pegar öll atvik eru virt, verða björgunarlaun ákveðin samtals 325.000 kr. Stefnendur krefjast þeirra óskipt, og verða þau dæmd svo. Dæmd fjárhæð skal bera vexti í samræmi við kröfugerð stefnenda, eins og í dómsorði greinir. Samkvæmt 4. tl. 1. mgr. 197. gr. siglingalaga ber að staðfesta sjóveðsrétt til tryggingar dæmdum fjárhæðum. Málskostnaður ákveðst 125.000 kr., er tekið hefur verið tillit til virðisaukaskatts.

Dóm þennan kveða upp Jón Finnbjörnsson, settur héraðsdómari, og stýrimennirnir Benedikt Alfonsson og Pálmi Hlöðversson.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Gunnar Pálmason, greiði stefnendum, Haraldi Ragnarsyni, Ragnari Haraldssyni og Snæbirni Sigurgeirssyni, 325.000 kr.

með vöxtum skv. 7. gr. vaxtalaga frá 3. nóvember 1996 til 28. nóvember 1997, en dráttarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnendum 125.000 kr. í málskostnað.

Stefnendur eiga sjóveðsrétt í mb. Jónu litlu, HF-110, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.
